

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Brynhildur Bjarnadóttir, Sigurlaug Hanna Leifsdóttir, Jonas Björk, Lilja Rós Rögnvaldsdóttir og Sigurður Eiríksson.

### **Kynningabæklingur:**

Ákveðið að gefa út kynningabækling um starfið. Sótt var um 75. þús króna styrk í Landmótssjóð sem fékkst. Ritara falið að byrja á uppkasti og senda á aðra meðlimi.

### **Grein í Eyvind:**

Ritstjórn hefur beðið um stutta grein um starfsemi félagsins ásamt myndum. Stjórnarmeðlimir sjá um þetta í sameiningu.

### **Tómstundir á skólatíma:**

Rætt almennt um hringekjuna og þá reynslu sem komin er af henni.

### **Stundaskrá:**

Almennt rætt um mætingu í mismunandi íþróttagreinar. Sérstaklega fjallað um skiptingu aldurshópa í frjálsum. Í badminton hefur þjálfari beðið um ársleyfi, badminton-tengiliður sér um að ræða við þá sem geta leyst hann af. Fjórir aðilar frá Samherjum fóru á þjálfanámskeið í badminton en styrkur fékkst frá Landsmótssjóði upp í þann kostnað. Litlar breytingar verða á stundaskrá um áramót. Lilja Rós tekur við sem tengiliður fyrir sund í stað Sigurlaugar. Stundaskrá félagsins fylgir stundaskrá skólans þannig að þegar frí er í skóla (t.d. í jólafríi, vetrarfrí oþh) falla niður hefðbundnar æfingar hjá börnum og unglíngum.

### **Fjárhagsstaða félagsins:**

Gjaldkeri sér um að klára innheimtu æfingagjalda í þessum mánuði og greiða út styrki vegna keppnis- og ferðakostnaðar.

### **Handverkshátíð:**

Uppgjör er framundan og þá skýrist hversu mikið félagið fær í sinn hlut.